

Ársskýrsla framkvæmdastjórnar FENÚR fyrir starfsárið 2016 - 2017

Góðir aðalfundargestir, ég býð ykkur velkomin á 17 aðalfund FENÚR.

Verkaskipting stjórnar eftir síðasta aðalfund er eftirfarandi:

Formaður er Helgi Lárusson

Gjaldkeri er Lúðvík E Gústafsson

Ritari er Ragna D Davíðsdóttir

Meðstjórnendur eru Nicolas Proietti og Ásmundur Einarsson

Varamenn eru Bryndís Skúladóttir og Hrefna Jónsdóttir

Helstu verkefni

Stjórnin hélt 8 formlega fundi á starfsárinu og voru aðalmenn og varamenn í stjórn boðaðir á fundina. Meðal hefðbundinna verkefna stjórnar var undirbúningur haustráðstefnu, sem var að þessu sinni í Nauthól og var þema fundarins „Saman gegn sóun“ og einnig undirbúning aðalfundar. Auk þess var sýningin „Saman gegn sóun haldinn í september. Þá fengum við góða gesti frá Green matters sem héldu erindi á Nordica um “Waste management in the context of the Circular Economy and Climate Change”

FENÚR var beðið um að sjá um nýtniviku 2017 og fékk til þess styrk að upphæð 1,5 milljónir króna. Kem inn á það síðar.

FENÚR á sæti í samráðshópi Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um úrgangsmál og hefur ekkert verið fundað á þeim vettvangi.

FENÚR er hætt aðild að NAF en meðlimir í stjórn FENÚR hafa þó haldið áfram að fara á árlega ráðstefnu þeirra.

Aðalfundarráðstefna síðasta árs var haldinn í fundarsal Gámapjónustunnar

Gámapjónustunni hýsti síðasta aðalfund og í kjölfar fundar var haldin málstofa þar sem rædd voru „Markmið Íslands í úrgangsmálum“. Umhverfisstofnun fór yfir árangur Íslands í úrgangsmálum og síðan voru settir upp vinnuhópar sem fóru yfir það hvort markmiðin væru raunhæf og hvað þyrfti að gera til að ná þeim.

ISWA

Allsherjafing (general assembly) ISWA var haldinn í Novi Sad í Serbíu 2016. Fyrir þingið, þann 18 september hittust fulltrúar norðurlandanna í ISWA.

Haustráðstefna FENÚR á Nauthóli

Haustráðstefna FENÚR var haldinn í Nauthóli þann 9. september og bar titilinn “Saman gegn sóun”. Ráðstefnan var vel sótt og mættu um 70 aðilar á ráðstefnuna. Forstjóri Umhverfisstofnunar setti ráðstefnuna og þar var fjöldi fróðlegra fyrirlestra. Í lok ráðstefnunnar var opnuð sýningin „Saman gegn sóun“ í Perlunni

Saman gegn sóun sýning

FENÚR og Umhverfisstofnun héldu sýningu í Perlunni 9. og 10. september. Sýningin var opnuð af umhverfisráðherra og opin öllum. Mættu nokkur þúsund manns og þar sýndu meðlimir FENÚR og Umhverfisstofnun leiðir til að minnka sóun.

Merkjasala FENÚR

Afskriftum á lager FENÚR merkja er formlega lokið og áhrifa þess gætir í síðasta skipti í ársreikningi 2016. Formlegri sölu FENÚR á merkjunum og lagerhaldi var hætt 2016, en síðustu merki voru auglýst á útsölu og pantanir og sala er nú alfarið komið til Lógóflex. FENÚR mun eftir sem áður sjá um hönnum og umsjón merkja.

Vefsíða FENÚR

Vefsíðu FENÚR var breytt 2015.

Nýtnivika 2017

FENÚR hlaut styrk til að taka að sér nýtniviku fyrir árið 2017. Nokkuð er búið að vinna í þessu og ljóst er að þetta er mikið tækifæri fyrir félagið.

Fundur með nýjum ráðherra

Fulltrúar FENÚR fóru á fund með Björt Ólafsdóttur nýskipuðum umhverfisráðherra þar sem félagið var kynnt. Lögð var áhersla á að nýta sér þá þekkingu sem er innan félagsins og nota félagið til sérfræðiráðgjafar og hugmyndavinnu. Ráðherra var afhent minnisblað sem nálgast má á heimasíðu félagsins.

Lífhagkerfið 2017

FENÚR skipar stjórnarmann í undirbúningsnefnd fyrir ráðstefnuna Lífhagkerfið sem Umhverfisstofnun heldur í maí 2017.

Nefndir FENÚR 2016

Stjórn FENÚR skipaði 2 nefndir á síðasta aðalfundi. Skipuð nefnd til að fara yfir samþykktir félagsins. Verður farið yfir niðurstöðu hennar á þessum aðalfundi. Hin nefndin átti að fjalla um merkjamál FENÚR, þ.e. að ákveða breytingar á merkjum og ný merki. Ástæða þess að stjórn vill setja þetta í nefnd er sú að í stjórn eru aðilar sem þekkja mjög lítið til þessa málaflokks og var því talið rétt að fá sérfræðinga í þessi mál. Kosið verður aftur í þessa nefnd í ár.

Umsýsla um starfsemi FENÚR

Stjórn tók þá ákvörðun að kynna nú á aðalfundi tillögu að því að bjóða út umsýslu á rekstri FENÚR sem hefur verið til þessa hjá SORPU sem hafa staðið sig vel og verið kjölfestan í rekstri félagsins frá upphafi. Búið er að einfalda reksturinn með því að taka út merkjasölu sem var töluvert umfangsmikil. Núverandi rekstrarsamningur er orðin gamall og umfangið hefur breyst og óskýrt hver gerir hvað. Er því talinn þörf á því að skýra betur hvert hlutverk rekstaráðilans á að vera og hvert er hlutverk stjórnar. Er það tillaga fráfarandi stjórnar að leitað verði til nokkurra aðila um hvort þeir hafi áhuga á þessu verkefni. Samið verði við aðila sem þykir líklegastur til að efla starfsemi fyrirtækisins með virkri þátttöku í störfum stjórnar. Verður það ákvörðun næstu stjórnar hvort og hvernig staðið verður að því.

Markmið FENÚR

Hlutverk stjórnar er sem fyrr, að vinna að markmiðum FENÚR og efla starfsemi félagsins. Árangurinn er þó ávallt háður virkri þátttöku félagsmanna, ekki síst á milli helstu atburða, þ.e. haustfundar og aðalfundar. Ritt af því sem við höfum séð gerast á fundum okkar, er að félagsmenn tala saman og miðla upplýsingum og úr getur orðið samvinna þeirra á milli. Gildi þess getur verið meðlimum mikils virði. Þannig geta t.d. meðlimir komið úrgangi í nýja og hagkvæmari strauma.

Að svo mæltu þakka ég stjórn, félagsmönnum og öllum þeim sem hafa lagt okkur lið með erindum, ráðum og umræðum á og milli viðburða félagsins á starfsárinu.

Flutt á aðalfundi FENÚR, þann 6. apríl 2017.

F. h. stjórnar FENÚR,
Helgi Lárusson
formaður stjórnar